



Ársfundir byggðasamlaganna

Ár 2023, föstudaginn 10. nóvember, voru haldnir ársfundir byggðasamlaganna í Salnum, Kópavogi og hófust þeir kl. 12:30.

1. Strætó bs.

Ragnheiður Einarsdóttir deildarstjóri skipulags- og leiðakerfis Strætó bs. kynnti nýtt leiðakerfi Strætó og áhrif þess á almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

2. Sorpa bs.

Gyða S. Björnsdóttir umhverfisstjóri Sorpu bs. sagði frá nýju fyrirkomulagi við sorpflokkun og árangri af því.

3. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins kynnti framtíðarsýn og staðsetningu slökkvistöðva.

Að svo búnu var opnað fyrir umræður um ofangreind erindi og starfs- og fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna en þær eru meðal fundargagna.

Til máls tóku Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í Reykjavík, Pawel Bartoszek borgarfulltrúi í Reykjavík, Lovísa Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Ragnhildur Jónsdóttir bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, Bergljót Kristinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi, Helga Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi, Björn Gíslason borgarfulltrúi í Reykjavík, Theódóra S. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi, Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri Seltjarnarness og Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík.

Fundi lauk kl. 13:49.

Jóna Vigdís Kristinsdóttir fundarritari